

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2020

Mál nr. E-7424/2019:

A

(Sveinbjörn Claessen lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf.

(Magnús Hrafn Magnússon lögmaður)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af A, [...], [...], á hendur Verði tryggingum hf., [...], [...], með stefnu birtri 16. desember 2019.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 11.184.144 krónur með 4,5% vöxtum frá 14. maí 2018 til 4. ágúst 2019, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 15. október 2019 að fjárhæð 4.329.848 krónur.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.507.860 krónur með 4,5% vöxtum frá 14. maí 2018 til 4. ágúst 2019, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 15. október 2019 að fjárhæð 4.329.848 krónur.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

I

Hinn 14. nóvember 2017 slasaðist stefnandi í umferðarslysi á Vesturlandsvegi. Hann var lemstraður eftir slysið og var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Landspítalans. Þar var hann greindur með tognanir og ofreynslu á brjóst- og háls hrygg. Þrátt fyrir endurhæfingu hafa einkennin verið viðvarandi frá slysi.

Stefndi, sem vátryggjandi bifreiðarinnar, hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína vegna líkamstjóns stefnanda. Með sameiginlegri matsbeiðni var þess farið á leit við Björn Pétur Sigurðsson bæklunarskurðlækni og Sigurð R. Arnalds lögmann að þeir legðu mat á afleiðingar slyssins samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Niðurstöður

matsgerðar þeirra, dags. 27. júní 2019, eru þær að stöðugleikapunktur er ákveðinn 14. maí 2018, tímabil þjáninga 14. nóvember 2017 til 14. janúar 2018 án rúmlegu, varanlegur miski var hæfilega metinn 12 stig og varanleg örorka 15%.

Hinn 4. júlí 2019 var stefndi krafinn um bætur og var gengið til uppgjörs bóta á grundvelli matsgerðarinnar og tók stefnandi við bótum 15. október 2019 með fyrirvara um alla þætti málsins, þ.m.t. árslaunaviðmið. Ekki er ágreiningur meðal aðila um greiðslu bóta vegna þjáningatímabils og varanlegs miska en ágreiningur er um bætur fyrir varanlega örorku af völdum slyssins, það er hvaða árslaunaviðmið eigi að nota við útreikning bóta fyrir varanlega örorku.

II

Stefnandi kveður ágreining málsins vera afmarkaðan við það hvaða árslaun skuli leggja til grundvallar útreikningi slysbóta fyrir varanlega örorku stefnanda. Krafa stefnanda byggist á því að aðstæður hans á slysdegi hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og fullljóst sé að annar mælikvarði en lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans.

Stefnandi telur að meta beri árslaun hans sérstaklega, sbr. orðalag ákvæðisins. Til þess sé að líta að stefnandi hafi um árabíl rekið eigin fyrirtæki í ferðaþjónustu. Aftur á móti hafi stefnandi tekið stefnubreytingu sumarið 2017 þegar hann hafi verið ráðinn til starfa í verktöku hjá [...] ehf., þar sem hann hafi starfað frá 22. júní 2017 til 10. nóvember sama ár. Starfið hafi falist í fiskdreifingu frá Klettakæli, sem sé fiskdreifingarstöð á vegum Eimskipa.

Eins og fram komi í yfirlýsingu [...], fyrrum framkvæmdastjóra [...] ehf., hafi stefnandi fengið þjálfun í starfi. Samkomulag hafi tekist milli [...] ehf. og stefnanda um að stefnandi hæfi störf hjá félaginu um áramót 2017/2018 sem fastráðinn launamaður á jafnaðarlaunum. Samkvæmt yfirlýsingunni yrðu mánaðarlaunin 650.000 krónur en með yfirvinnu myndu þau hækka í takt við framlag.

Vegna afleiðinga slyssins hafi stefnandi orðið að hætta störfum hjá [...] ehf. Hann hafi í reynd hætt akstri stærri bifreiða vegna líkamlegrar vangetu, sem hafi til dæmis falist í því að eiga erfitt með að loka gámum, sitja lengi, klifra upp í bílinn o.fl. Hann hafi þó gert tilraun til að hefja aftur störf við dreifingu fiskafurða í júlí 2018 þegar hann hafi verið ráðinn til starfa hjá [...] ehf. Um þetta vísast til staðfestingar [...], dags. 11. september 2019. Eins og þar komi fram hafi [...] í júní 2018 boðið stefnanda fast starf á jafnaðarlaunum á tímakaupinu 4.000 krónur, eða á bilinu 600.000–800.000 krónur í mánaðarlaun eftir framlagi. Eftir tvær vikur í starfi hafi stefnandi orðið frá að hverfa vegna líkamlegrar vangetu til að vinna starfið. Tilraun til endurkomu í aksturinn hafi verið gerð á ný í árslok 2019 með sömu niðurstöðum.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga skuli árslaun metin sérstaklega að tveimur skilyrðum uppfylltum. Aðstæður þurfa að hafa verið óvenjulegar og þær óvenjulegu aðstæður hafi leitt til þess að árslaun síðustu þriggja ára fyrir slys séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hins slasaða, heldur sé annar mælikvarði réttari. Í athugasemdum með 6. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum segir: *Launatekjur liðinna ára eru hins vegar ekki góður mælikvarði ef breytingar höfðu orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Má nefna sem dæmi að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða látið af starfi og hafið töku lífeyris. Í slíkum tilvikum er eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður.*

Stefnandi byggir á því að athugasemdirnar í frumvarpinu eigi nákvæmlega við um hans aðstæður. Stefnandi hafði sannanlega skipt um starfsvettvang rúmum fjórum mánuðum fyrir slysdag og hafði auk þess gert samkomulag við [...] ehf. um fastráðningu sem starfsmaður félagsins frá áramótum 2017/2018. Því telji stefnandi að breytingar hafi orðið á högum hans skömmu fyrir slysdag. Í öllu falli megi fullyrða að slíkar breytingar hafi staðið fyrir dyrum vegna samkomulags hans og Fiskfraktar ehf. um fastráðningu hjá félaginu. Aðstæður stefnanda á slysdegi hafi því verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Þá sé byggt á því að hinar óvenjulegu aðstæður leiði til þess að árslaun hans síðastliðin þrjú ár fyrir slys séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans og að fyrir hendi sé réttari mælikvarði. Af þeirri ástæðu miðist krafa hans í bréfi 4. júlí 2019 um slysabætur fyrir varanlega örorku við heildarlaun bílstjóra vöru- og flutningabíla á slysrinu 2017 samkvæmt launakönnun Hagstofu Íslands, 643.000 krónur á mánuði. Að hans mati sé kröfunni í hófi stillt enda sé bæði um að ræða meðallaun í starfsstéttinni og launin lægri en þau laun sem stefnanda hafi sannanlega staðið til boða hjá [...] ehf. og [...] ehf.

III

Sýknukrafan byggist á því að ósannað sé að aðstæður tjónþola fyrir slys séu óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Því beri að miða útreikning bóta stefnda við lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. laganna. Ítrekað sé að meginregla skaðabótalaga sé sú að miða eigi við meðallaun síðustu þrjú almanaksár fyrir slys, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Tjónþoli sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrðina fyrir öllum þáttum kröfu sinnar. Í því felist að það sé stefnanda að sanna að aðstæður hans á viðmiðunartímabili hafi verið óvenjulegar. Stefnanda beri einnig að sanna hvað sé þá réttur mælikvarði fyrir líklegar framtíðartekjur hans. Hvorugt sé sannað í máli þessu.

Hafa þurfi í huga að ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé undantekning frá sterkri meginreglu 1. mgr. 7. gr. sömu laga. Þetta sé skýrt í frumvarpi sem fylgdi breytingalögum nr. 37/1999, þar sem 7. gr. skaðabótalaga hafi verið breytt í núverandi horf. Í athugasemdunum sem fylgdu þeim breytingalögum sé því lýst þannig að nánast þurfi að vera unnt að staðfesta með óyggjandi hætti að breytingar á tekjusögu til framtíðar blasi við. Það hafi stefnanda ekki tekist að sanna.

Til þess sé meðal annars að líta að atvinnusaga stefnanda, miðað við lýsingar hans sjálfs og takmörkuð gögn málsins, sé afar slitrótt og mismunandi. Á því séu ekki gefnar skýringar. Þannig virðist stefnandi oft áður hafa fjárfest bæði tíma og fjármuni í að reyna að hasla sér völl á ýmsum starfssviðum til þess eins að skipta snarlega og án skýringa um starfsvettvang og/eða hætta því sem hann hefur skömmu áður hafið.

Lýsingar stefnanda sjálfs beri m.a. með sér að hann hafi sótt nám í dáleiðslu án þess að nýta það til tekjuöflunar. Þá hafi hann starfað skamma hríð við fasteignasölu eftir árið 2000 og hætt því að því er virðist einhvern tímann á tímabilinu 2000–2007, þegar fasteignasala var í sögulegum blóma. Í kjölfarið hafi hann að eigin sögn stofnað verktakafyrirtæki í húsbyggingum sem fljótlega hafi hætt störfum á árinu 2007, sem hafi einnig verið gjöfult fyrir slík fyrirtæki. Þá hafi hann stofnað ferðaþjónustufyrirtæki sem virðist hafa hætt störfum í miðri bylgju aukningar ferðamanna árið 2014. Eftir það hafi hann ekið ferðamönnum og hafi hann gert það í verktöku fyrir ýmsa aðila. Samhliða því hafi hann með hléum rekið vefverslun. Allt framangreint sé upplýsingar sem stafi frá stefnanda sjálfum, sbr. matsgerð dómkvaddra matsmanna og framlagðar tekjuupplýsingar.

Það að stefnandi hafi hafið einhvers konar þjálfun eða störf við fiskflutninga og starfað við það í rúma fjóra mánuði á slysdegi sé fjarri því nægjanlegt, í ljósi atvika allra, til að fullsannað teljist að meðallaun flutningabílstjóra séu réttur mælikvarði á framtíðartekjur hans. Starfsferill stefnanda sjálfs, áratugina tvo fyrir slys, sýni að hann hafi verið mjög gjarn á að skipta um starfsvettvang og hafi unnið við ýmis störf í óljósum hlutföllum.

Á því sé byggt sjálfstætt að atvinnusaga stefnanda hafi þýðingu við mat á því hvort fullsannað sé að hann hefði ákveðið að akstur flutningabifreiða yrði nú það starf sem hann myndi vinna til frambúðar. Stefnandi hafi ekki uppfyllt þær sönnunarkröfur sem málalátillit hans sjálfs leggur á hann í þessum efnum. Einkum eigi þetta við þar sem þær tekjur sem dómkrafa stefnanda byggist á virðist vera tæp sexföldun á þeim tekjum sem stefnandi hafði þrjú síðustu almanaksár fyrir slys. Engu að síður verður ráðið af gögnum málsins að þau ár hafi hann starfað við akstur ferðamanna á einhverjum mestu uppgangstímum allra tíma, á þeim starfsvettvangi. Stefnandi hafi ekki gert tilraun til þess að skýra hver sé ástæða hinna lágu meðallauna þrjú almanaksár fyrir slys.

Auk þessa liggja engin tekjusaga fyrir í málinu um ætlaðar tekjur stefnanda sem flutningabílstjóra. Þó virðist stefnandi hafa starfað við það í að lágmarki fjóra mánuði fyrir slysið. Í yfirlýsingu [...] komi fram að starfsþjálfun hafi tekið tvo til þrjá mánuði. Ekki sé tilgreint á hvaða tímabili sú starfsþjálfun hafi farið fram.

Sýknukrafan byggist á því að ósannað sé að stefnandi hafi staðið til boða fastráðning sem launþegi við flutningaakstur. Framlagðar yfirlýsingar sanni það ekki. Fyrst beri að nefna að [...] hafði látið af störfum hjá fyrirtækinu um það leyti sem ætlað var skv. yfirlýsingunni að stefnandi fengi fastráðningu. Þá hafi yfirlýsingin byggst á því að stefnandi yrði „fastráðinn launamaður“ hjá félaginu, sem sé í andstöðu við störf hans fram að því, en hann virðist hafa verið í verktöku. Þá komi fram í matsgerð að stefnandi hafi keypt „trailer vörubíl“ og framtíðaráform hans hafi verið að „vera með rekstur trailersins undir [...]“. Í matsgerð hafi stefnandi lýst verktakavinnu á eigin bifreið, en það sé ekki það sem honum hafi staðið til boða skv. nefndri yfirlýsingu.

Auk þess sé bent á að yfirlýsingin sé ótrúverðug og beri það með sér að ekki sé um að ræða samtímaskjal heldur yfirlýsingu sem gerð sé eftir á vegna þessa dómsmáls. Þannig sé tiltekið í yfirlýsingunni að stefnandi hafi staðið til boða „jafnaðarlaun“ að fjárhæð 3.500 kr. á hverja unna klukkustund og að vinna stæði til boða 10–14 klst. á dag og átta tíma á laugardögum. Slíkt gæti þýtt laun upp á 700–800.000 kr. á mánuði. Það sé ekki rétt. Slík kjör og slíkur vinnutími myndi leiða til umtalsvert hærri mánaðargreiðslna. Lægra viðmiðið (10 tímar) myndi leiða til mánaðarlauna að fjárhæð 842.450 kr. og herra viðmiðið (14 tímar) myndi leiða til mánaðarlauna að fjárhæð 1.173.830 kr. Jafnvel þótt miðað væri við hin ólögsmætu „jafnaðarlaun“ og ekki tekið tillit til yfirvinnuálags á unnar stundir.

Að mati stefnda sé það ótrúverðugt í ljósi allra atvika að stefnandi, sem hafði haft að meðaltali 1.537.459 kr. í árslaun þrjú almanaksárin fyrir slys skv. skattframtölum, hafi á slysdegi verið hársbreidd frá því að landa starfi sem myndi tryggja honum nánast árslaun fyrri ára á mánuði um fyrirsjáanlega framtíð. Strangar kröfur verði að gera til ótvíræðrar sönnunar á slíku.

Varðandi hugsanlega framtíðaratvinnuþátttöku stefnanda sé ekki hægt að líta fram hjá því að engin gögn liggja fyrir um að stefnandi hafi reynt að hefja störf á nýjum starfsvettvangi innan þess sem metnar afleiðingar slyssins geri honum mögulegt. Mat stefnanda var 15% varanleg örorka. Það gerir stefnanda ekki óvinnufæran til allra starfa. Af dómum Hæstaréttar megi ráða að raunverulegar athafnir tjónþola frá slysi að dómsuppkvaðningu geti haft þýðingu við mat á því hvort 2. mgr. 7. gr. eigi við eða ekki.

IV

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga skal við ákvörðun skaðabóta vegna varanlegrar örorku að meginreglu leggja til grundvallar meðalatvinnutekjur tjónþola að

meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysdag og skulu þær fjárhæðir framreiknaðar til samræmis við breytingar á launavísitölu til þess tíma sem heilsufar tjónþola verður stöðugt. Hvorki skal þó reikna bæturnar út með tilliti til lægri atvinnutekna en greindar eru í 3. mgr. þessarar lagagreinar né hærri tekna en segir í 4. mgr. hennar. Frá framangreindri reglu 1. mgr. 7. gr. er gerð undantekning í 2. mgr. 7. gr., þar sem mælt er svo fyrir að árslaun skuli meta sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Samkvæmt dómaframkvæmd ber tjónþoli, sem reisir kröfu um bætur á síðastnefndu lagaákvæði, sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum þess sé fullnægt.

Stefnandi byggir á því að skilyrði séu til að ákveða honum skaðabætur vegna varanlegrar örorku eftir framangreindri reglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þegar metið er hvort aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga verður að líta til menntunar stefnanda og tekjusögu hans.

Stefnandi hefur ekki lokið grunnskólanámi en hann lauk námi í Leiðsögumannaskólanum árið 2010 og einnig hefur hann lokið dáleiðslunámi í Dáleiðsluskóla Íslands. Þá hefur stefnandi meiraprófið til aksturs.

Gerð er grein fyrir atvinnuþátttöku stefnanda í framlagðri matsgerð og mun stefnandi hafa stundað sjómennsku til ársins 2000. Þá hafi hann farið að vinna á fasteignasölu og síðan við fasteignabyggingar með eigið verktakafyrirtæki. Á árinu 2007 hafi hann keypt ferðaþjónustufyrirtæki sem hafi séð um jeppaferðir fyrir ferðamenn. Það hafi gengið vel fram að hruninu haustið 2008 og hafi hann selt bifreiðina 2014. Eftir það hafi hann starfað sem verktaki við akstur. Hann hafi stofnað annað fyrirtæki, [...], og einnig um tíma verið með félagið [...] netverslun. Snemma ársins 2017 hafi stefnandi keypt „trailer vörubíl“ og hafið akstur fyrir [...] og hafi hann þá dregið úr ferðaþjónustuferðum.

Stefnandi var 46 ára á slysdegi í nóvember 2017 og sýnir tekjusaga hans að árslaun hans á tímabilinu 2014 til 2018 hafi verið um það bil 1.600.000 kr. ár hvert og hafi launagreiðendur hans verið þau félög er hann hafði stofnað.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á tveimur yfirlýsingum, annars vegar frá [...], fyrrverandi framkvæmdastjóra [...] ehf., dags. 24. ágúst 2019, og hins vegar frá [...], dags. 11. september 2019. Yfirlýsingarnar bera með sér að þeirra er aflað í tilefni af málssókn stefnanda og eiga þær væntanlega að sýna að stefnanda hafi staðið til boða störf sem launþegi. Eins og mál þetta liggur fyrir og í ljósi þess að snemma árs 2017 hafði stefnandi keypt „trailer vörubíl“ og hafði um langan tíma unnið sem verktaki, þá telur dómurinn að yfirlýsingar þessar sýni ekki með óyggjandi hætti að stefnandi myndi starfa sem launþegi hefði slysið ekki komið til.

Með vísan til þess sem að framan greinir hefur stefnanda ekki tekist að sýna fram á að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. sé fullnægt, það er að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir

hendi hjá stefnanda og að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda en laun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sveinbjörns Claessen, 750.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir